Hjallastefnan

# *Læsis- og stærðfræðiáætlun*

***2022-2023***

Leikskólinn Bergheimar

Hafnarberg 32

815 Þorlákshöfn

Sími 480-3660

bergheimar@hjalli.is

Eigandi: Lsk Akur Reykjanesbæ. Unnin og endurbætt útgáfa frá starfsfólki Akurs

Tilgangur læsis- og stærðfræðiáætlunarinnar er að auðvelda hópakennurum að fara markvisst í málörvun með sínum hóp. Með skipulögðum hætti þar sem blandað er saman ýmsum efnivið sem reynst hefur vel og honum deilt yfir árið í takt, sátt og samlyndi við kynjanámskrá Hjallastefnunnar.

Efniviður sem nýttur er í þessa áætlun er til dæmis Orðaforðalisti Menntamálastofnunar sem tekinn var saman af Elsu Pálsdóttur. Listinn er settur upp með orðaforðaþemu sem hægt er að byggja á eftir aldri og málstöðubarns hverju sinni (eftir aldri). Einnig var listanum skipt eftir viðeigandi lotum í kynjanámskrá Hjallastefnunnar.

Málörvunarefnið Lubbi finnur málbeinið eftir Eyrúnu Ísold Gísladóttur, Freydísi Kristjánsdóttur, Þóru Másdóttur og Þórarinn Eldjárn, er nýttur með börnum á öllum aldri sem grunnur í hljóðainnlögn og er góður undanfari 5 ára námskrár Hjallastefnunnar.

Til að einfalda leikinn enn frekar er listanum skipt niður viku í senn með uppbótarvikum til upprifjunar.

Áætlunin er viljandi höfð eins hnitmiðuð og hægt er til að gefa kennaranum frelsi á framkvæmd og að setja sett sinn svip á hverja viku. Þess ber að geta að ekki eru hljóðkerfisvitundaræfingar settar inn í áætlunina sérstaklega.

Áætlunin er unnin af Leikskólanum Akri en hverjum Hjallastefnuskóla er frjálst að gera hana að sinni eigin (góðum hugmyndum er alltaf gott að deila með vinkonum og vinum).

# Lota 1: Agi

**Orðaforðalisti:** Persónur

**Lubbi:** Aa

**Lotulykill:** Virðing

**Lotumynd**: Skólamynd

**Orðatiltæki:** Aldrei er góð vísa of oft kveðin

**Þula**: Allt fram streymir endalaust

**Söngvar:** Ég heyri svo vel. Þú skalt klappa

**Kennslutilhögun:**

**-Setja orð á athafnir:** Nú ætla ég að setjast niður, viltu rétta mér blaðið sem er á borðinu?

**-Skemmtifundir:** Kennarar og börn nota skemmtifundi til að syngja, læra orðatiltæki, fara með þulur og skoða orðaforðalistann (persónur)

**-Við matarborðið:** Ræða um hver eldar matinn; matráður. Hver eldar heima? Hverjir eru í fjölskyldunni; stúlkur, drengir, mamma, pabbi

**-Í forstofu:** Ræða um persónur í umferðinni; ökumaður, lögregla og fl.

**-Í hópatímum:** Hitta vini/vinkonur. Tala á jákvæðan hátt um vinahópinn

**Orðaforðalisti**: Persónur

**Yngri kjarnar**
Ég, þú, þið, við, minn, þinn, hans, hennar, hún, hann, stelpa, strákur

**Mið kjarnar**
Ég, þú, þið, við, minn, þinn, hans, hennar, hún, hann, stelpa, strákur, kona, karl, maður, barn, unglingur, fullorðinn, okkar, þeir, þær, þau, systkini, dóttir, sonur

**Eldri kjarnar**
Ég, þú, þið, við, minn, þinn, hans, hennar, hún, hann, stelpa, strákur, kona, karl, maður, barn, unglingur, fullorðinn, okkar, þeir, þær, þau, systkini, dóttir, sonur, móðir, faðir, langamma, langafi, föðurbróðir, móðursystir, tvíburar, kvenmaður, karlmaður, grunnskólakennari, bæjarstjóri, leikskólastjóri, leikskólastýra, matráður

# Lota 1: Agi

**Orðaforðalisti:** Líkaminn

**Lubbi:** Mm

**Lotulykill:** Hegðun

**Lotumynd:** Skólamynd

**Orðatiltæki:** Að láta verkin tala

**Þula**: Þula um líkamann (er þetta penni?)

**Söngvar:** Hreyfa litla fingur. Þumalfingur. Ég ætla að syngja

**Kennslutilhögun:**

**-Setja orð á athafnir:** Allt sem tengist líkamanum

**-Skemmtifundir:** Syngja lög, fara með þulu, orðaforðalisti

**-Við matarborðið:** Ræða um þá líkamsparta sem við notum þegar við borðum: Munnur, tennur, tunga, háls, magi, fingur

**-Í forstofu:** Ræða við börnin um hvaða líkamsheiti er verið að klæða. Hendur í vettlinga, fótleggir í buxur, fætur í skó, handleggir í ermar, húfa á höfuð

**-Í hópatímum:** Fyrirmælaæfingar þar sem líkaminn kemur við sögu eru hentugar. Ganga á fótunum frá einum stað til annars, ganga á tánum, hælunum, skríða á hnjánum, veifa handleggjunum, snerta nefið, snertu tær o.s.frv. Kennari tekur þátt. Lesa bókina: Mínir einkastaðir

**Orðaforðaþema:** Líkaminn

**Yngri kjarnar**

Höfuð, auga, nef, munnur, eyra, tunga, magi, hendur, fótur, tær

**Mið kjarnar**

Höfuð, auga, nef, munnur, eyra, enni, haka, tennur, tunga, kinn, varir, háls, magi, bak, hendur, fingur, fótur, hné, tær, nafli

**Eldri kjarnar**

Höfuð, auga, nef, munnur, eyra, enni, haka, tennur, tunga, kinn, varir, háls, magi, bak, hendur, fingur, fótur, hné, tær, nafli, lófi, handabak, olnbogi, rass, axlir, hjarta, hár, typpi, píka, augnbrún, augnhár, nasir, læri, kálfi, fótleggur, il, rist, ökkli, handleggur, úlnliður

**Lota 1: Agi**

**Orðaforðalisti:** Matur

**Lubbi:** Bb

**Lotulykill:** Kurteisi

**Lotumynd**: Skólamynd

**Orðatiltæki:** Betri er lítill fiskur en tómur diskur

**Þula**: Nú blánar yfir berjamó

**Söngvar:** Agadú. Mér finnst best að borða

**Kennslutilhögun:**

**-Setja orð á athafnir:** Nú opna ég munninn og fæ mér bita. Það er gott að tyggja matinn

**-Skemmtifundir:** Syngja lög, fara með þulu, orðaforðalisti. Samlokuleikur. Gátur um mat (hvað er loðið og brúnt að utan og grænt að innan?)

**-Við matarborðið:** Hvað erum við að borða? Hvetja börnin til að nefna það sem þau vilja fá (ekki það sem þau vilja ekki). Erum við að borða súrt, sætt, beiskt, sterkt eða salt? Ræða um uppáhaldsmat

**-Í hópatímum:** Pizzanudd, matreiða eitthvað fyrir vinahópinn sinn, t.d. búa til ávaxtasalat. Gera óskalista fyrir eldhúsið, hafa þannig áhrif á matseðil. Flokka grænmeti og ávexti

**Orðaforðalisti**: Matur

**Yngri kjarnar**

Fiskur, kjöt, pasta, hafragrautur, súpa, grænmeti, ávextir, agúrka, tómatar, appelsína, bananar, brauð, vatn, mjólk, smjör

**Mið kjarnar**

Fiskur, soðinn fiskur, plokkfiskur, fiskbollur, kjöt, kjúklingur, pítsa, pasta, spaghettí, kartöflur, sósa, grjónagrautur, hafragrautur, súpa, grænmeti, kál, paprika, agúrka, tómatar, gulrót, rófa, ávextir, epli, appelsína, banani, melóna, pera, brauð, smjör, ostur, mjólk, vatn, rúsínur, morgunkorn

**Eldri kjarnar**

Fiskur, soðinn fiskur, plokkfiskur, fiskbollur, kjöt, kjúklingur, pítsa, pasta, spaghettí, kartöflur, sósa, grjónagrautur, hafragrautur, súpa, grænmeti, kál, paprika, agúrka, tómatar, gulrót, rófa, ávextir, epli, appelsína, banani, melóna, pera, brauð, smjör, ostur, mjólk, vatn, rúsínur, morgunkorn, kivi, vínber, jarðarber, ananas, kæfa, skinka, egg, skyr, jógúrt, kaka, steiktur fiskur, saltfiskur, píta, grillað kjöt, hamborgari, slátur, kartöflumús, salat, blómkál, flatkaka, rúgbrauð, rúnstykki, hrísgrjón, kanill, morgunverður, hádegisverður, kvöldverður, nónverður

*4.vika* *Læsi*

## Lota 1: Agi

**Orðaforðalisti:** Umhverfi-inni

**Lubbi:** Nn

**Lotulykill:** Framkoma

**Lotumynd**: Skólamynd

**Orðatiltæki:** Að sýna sitt rétta andlit

**Þula:** Kanntu brauð að baka?

**Söngvar:** Ég á lítinn skrítinn skugga, Óskasteinar

**Kennslutilhögun:**

**-Setja orð á athafnir:** Nú ætla ég að draga upp gluggatjöldin og opna gluggann

**-Skemmtifundir:** Syngja lög, fara með þulu, orðaforðalisti. Ræða um umhverfið okkar

**-Við matarborðið:** Nefna eldhúsáhöld og húsbúnað inni á kjarna

**-Í forstofu:** Nefna fatahólf, gólf, loft, veggi í samhengi og eftir aldri barnanna. Td. setjast á gólfið og horfa upp í loft

**-Í hópatímum:** Hlustunaræfing-hlusta á hvað heyrist í hlutum í umhverfinu t.d. loka hurð, ydda blýant, þvottavél, hræra í glasi, hella vatni, sturta niður úr salerni

**Orðaforðalisti**: Umhverfi - inni

**Yngri kjarnar**
Stóll, borð, leikföng, skápur, eldhús, gólf, motta, diskur, glas, gaffall, hnífur, skeið, sæng, koddi, snuð

**Mið kjarnar**
Stóll, borð, leikföng, skápur, eldhús, gólf, veggur, gluggi, hillur, salerni, fatahólf, vaskur, hurð, sæng, koddi, snuð, peli, dýna, teppi, motta, mynd, diskur, glas, kanna, gaffall, hnífur, skeið, hnífapör, skæri, þvottahús, þvottavél, þurrkari, ísskápur, eldavél

**Eldri kjarnar**
Stóll, borð, leikföng, skápur, eldhús, gólf, veggur, gluggi, hillur, salerni, fatahólf, vaskur, hurð, sæng, koddi, snuð, peli, dýna, teppi, motta, mynd, diskur, glas, kanna, gaffall, hnífur, skeið, hnífapör, skæri, þvottahús, þvottavél, þurrkari, ísskápur, eldavél, herbergi, salur, tölva, spjaldtölva, ipad, sími, myndavél, sjónvarp, tafla, strokleður, penni, blýantur, yddari, reglustika, gatari, heftari, eldhúsborð, útihurð, útvarp, íþróttir

*5.vika* *Læsi*

## Lota 1: Agi

**Uppskeruvika**

**Lubbi:** Dd

**Rifja upp söngva, þulur, orðatiltæki og orðaforðaþemun í daglegu starfi, við flest tækifæri.**

**Upprifjun**

**Söngvar:** Ég heyri svo vel. Þú skalt klappa. Hreyfa litla fingur. Þumalfingur. Ég ætla að syngja. Agadú. Mér finnst best að borða. Ég á lítinn skrítinn skugga, Óskasteinar

**Þulur**: Allt fram streymir endalaust. Þula um líkamann (er þetta penni?). Nú blánar yfir berjamó. Kanntu brauð að baka?

**Orðatiltæki:** Aldrei er góð vísa of oft kveðin. Að láta verkin tala. Betri er lítill fiskur en tómur diskur. Að sýna sitt rétta andlit

**Orðaforðaþemu:** Persónur. Líkaminn. Matur. Umhverfi.

*1.vika* *Læsi*

## Lota 2: Sjálfstæði

**Orðaforðalisti:** Fatnaður

**Lubbi:** Íí-Ýý

**Lotulykill:** Sjálfstyrking

**Lotumynd**: Sjálfsmynd

**Orðatiltæki:** Að taka upp hanskann fyrir einhvern

**Þula**: Buxur, vesti, brók og skór

**Söngvar:** Þegar barn í föt sín fer, Fatavísur

**Kennslutilhögun:**

**-Setja orð á athafnir:** Núna ætlum við í peysu og svo....nefna ermar, skálmar, renna upp, niður

**-Skemmtifundir:** Kennarar og börn nota skemmtifundi til að syngja, læra orðatiltæki, fara með þulur og skoða orðaforðalistann (persónur)

**-Við matarborðið:** Vinna með sjálfstyrkingu. Skammta sjálf, hella sjálf í glas, smyrja, prófa, gera mistök, aðstoða

**-Í forstofu:** Ræða um fatnað. Hvað er gott við að klæða sig í miðað við veður, klæða sig sjálf, fá aðstoð

**-Í hópatímum:** Umræður. Í hverju erum við góð, finna styrkleika, hvetja, hrósa (nota hrósspjöldin)

**Orðaforðalisti**: Fatnaður

**Yngri kjarnar**
Buxur, peysa, bolur, sokkar, smekkir, skór, húfa, úlpa, vettlingar, pollagalli, kuldagalli, stígvél, strigaskór, kuldaskór, ullarsokkar

**Mið kjarnar**
Buxur, peysa, bolur, sokkar, nærbuxur, stuttbuxur, pils, sokkabuxur, smekkir, leggings, skór, húfa, úlpa, vettlingar, pollagalli, pollabuxur, regnföt, útiföt, kuldagalli, stígvél, strigaskór, kuldaskór, ullarsokkar, ermi, vasi, gleraugu

**Eldri kjarnar**
Buxur, peysa, bolur, sokkar, nærbuxur, stuttbuxur, pils, sokkabuxur, smekkir, leggings, skór, húfa, úlpa, vettlingar, pollagalli, pollabuxur, regnföt, útiföt, kuldagalli, stígvél, strigaskór, kuldaskór, ullarsokkar, ermi, vasi, gleraugu, lopapeysa, flíspeysa, nærbolur, brók, stuttermabolur, jakki, gallabuxur, sundbolur, sundskýla, inniskór, trefill, derhúfa, lúffur

*2.vika* *Læsi*

## Lota 2: Sjálfstæði

**Orðaforðalisti:** Leikföng

**Lubbi:** Úú

**Lotulykill:** Sjálftraust

**Lotumynd:** Sjálfsmynd

**Orðatiltæki:** Að hafa bein í nefinu

**Þula**: Klementínudansinn

**Söngvar:** Indjánalagið

**Kennslutilhögun:**

**-Setja orð á athafnir:** Fara yfir með börnunum hvað okkar efniviður heitir, t.d. þetta eru einingakubbar

**-Skemmtifundir:** Syngja lög, fara með þulu, orðaforðalisti. Æfa sig að syngja fyrir aðra eða koma fram. Hvatning, áframhaldandi vinna með sjálfstyrkingu og sjálfstraust.

**-Við matarborðið:** Segja sögur eða lesa bækur sem tengjast leikföngum eða leik barna

**-Í hópatímum:** Fá börnin til að standa á sólinni og segja frá sér, syngja. Hvernig treystir maður á sjálfan sig? Kenna börnum að hafa skoðanir og standa með þeim.

**Orðaforðalisti**: Leikföng

**Yngri kjarnar**
Bók, blað, litir, pensill, fata, skófla, róla, mark, bolti, fótbolti, dýr, blöðrur, flauta, leir

**Mið kjarnar**
Bók, blað, litir, pensill, fata, skófla, róla, mark, bolti, fótbolti, dýr, blöðrur, flauta, leir, dúkka, bangsi, kubbar, búningar, spil, púsl, krítar, bingó

**Eldri kjarnar**
Bók, blað, litir, pensill, fata, skófla, róla, mark, bolti, fótbolti, dýr, blöðrur, flauta, leir, dúkka, bangsi, kubbar, búningar, spil, púsl, krítar, bingó, einingakubbar, hljóðfæri, karfa, hjólabretti, flugdreki, sippuband, húllahringur, tuskudýr, búningar, vasaljós

## Lota 2: Sjálfstæði

**Orðaforðalisti:** Litir

**Lubbi:** Vv

**Lotulykill:** Öryggi

**Lotumynd**: Sjálfsmynd

**Orðatiltæki:** Að hafa sterkar taugar

**Þula**: Græn eru laufin

**Söngvar:** Ding Dong, Ég er gula blómið fína

**Kennslutilhögun:**

**-Setja orð á athafnir:** Nefna litina á fötunum, matnum, umhverfinu okkar

**-Skemmtifundir:** Setja plus plus kubba undir teppi og spyrja: Hvaða lit vantar? Flokka liti, syngja

**-Við matarborðið:** Hvernig er maturinn okkar á litinn? Hafið þið prófað fjólubláan mat? Hvaða matur er appelsínugulur?

**-Í hópatímum:** Litablöndun á málningu, út í vettvangsferð að týna laufblöð og skoða litina. Skoða bíla, hús, ræða um okkar bíla og hús (litina). Vera meðvituð um liti í umhverfinu okkar

**Orðaforðalisti**: Litir

**Yngri kjarnar**
Gulur, rauður, grænn, blár

**Mið kjarnar**
Gulur, rauður, grænn, blár, bleikur, svartur, hvítur, brúnn, appelsínugulur, fjólublár

**Eldri kjarnar**
Gulur, rauður, grænn, blár, bleikur, svartur, hvítur, brúnn, grár, appelsínugulur, fjólublár, ljósblár, dökkblár, ljósgrænn, dökkgrænn, ljósbleikur, dökkbleikur, ljósfjólublár, dökkfjólublár, ljósbrúnn, dökkbrúnn, ljósgrár, dökkgrár

*4.vika* *Læsi*

**Lota 2: Sjálfstæði**

**Orðaforðalisti:** Dýr

**Lubbi:** Jj

**Lotulykill:** Tjáning

**Lotumynd**: Sjálfsmynd

**Orðatiltæki:** Að grípa gæsina meðan hún gefst

**Þula**: Sungu með mér svanur, örn

**Söngvar:** Krumminn á skjánum, Fimm litlir apar, Fiskarnir tveir, Fljúga hvítu fiðrildin

**Kennslutilhögun:**

**-Skemmtifundir:** Syngja lög, fara með þulu, orðaforðalisti. Ræða um heiti dýranna og afkvæmi þeirra, á einhver á kjarnanum dýr? Dýrahljóð, umhirða dýra, hvernig klöppum við dýrum? Dýraleikur (leika dýr)

**-Í forstofu:** Eru dýramynstur á útifötunum? Eru skordýr á gólfinu? Járnsmiðir, köngulær, bjöllur

**-Í hópatímum:** Hvar eiga dýrin heima? (dýragarði, bóndabæ, sjónum), afkvæmi dýra, fara í tölvu og skoða dýr, skoða bækur, fara í vettvangsferðir að skoða dýr ef það er í boði, rannsaka skordýr. Herma eftir dýrum (skríða eins og ormur, köngulóagangur)

**Orðaforðalisti**: Dýr

**Yngri kjarnar**
Kisa, hundur, hestur, kýr, kind, geit, svín, hani, hæna, fugl, mús, kanína, ormur, fluga, könguló

**Mið kjarnar**
Kisa, hundur, hestur, kýr, kind, geit, svín, hani, hæna, fugl, önd, lamb, hvolpur, kettlingur, folald, kálfur, ungi, mús, kanína, ormur, fluga, fiðrildi, könguló, fíll, ljón, tígrisdýr, gíraffi, api, krókódíll, ísbjörn, hákarl

**Eldri kjarnar**
Kisa, hundur, hestur, kýr, kind, geit, svín, hani, hæna, fugl, önd, lamb, hvolpur, kettlingur, folald, kálfur, ungi, mús, kanína, ormur, fluga, fiðrildi, könguló, fíll, ljón, tígrisdýr, gíraffi, api, krókódíll, ísbjörn, hákarL, refur, froskur, páfagaukur, krabbi, risaeðla, eðla, húsdýr, gæs, álft, lundi, máfur, kalkúnn, mörgæs, selur, hvolpur, ánamaðkur, snigill, slanga, kengúra, íkorni, skjaldbaka, ugla, leðurblaka, skógarbjörn, panda, úlfur, sebrahestur, nashyrningur, asni, dreki

*5.vika* *Læsi*

# Lota 2: Sjálfstæði

**Uppskeruvika**

**Lubbi:** Hh

**Rifja upp söngva, þulur, orðatiltæki og orðaforðaþemun í daglegu starfi, við flest tækifæri.**

**Upprifjun**

**Söngvar:** Þegar barn í föt sín fer, Fatavísur. Indjánalagið. Ding Dong, Ég er gula blómið fína. Krumminn á skjánum, Fimm litlir apar, Fiskarnir tveir, Fljúga hvítu fiðrildin

**Þulur**: Buxur, vesti, brók og skó. Klementínudansinn. Græn eru laufin. Sungu með mér svanur, örn

**Orðatiltæki:** Að taka upp hanskann fyrir einhvern. Að hafa bein í nefinu. Að hafa sterkar taugar. Að grípa gæsina meðan hún gefst

**Orðaforðaþemu:** Fatnaður. Leikföng. Litir. Dýr

1.vika

Stærðfræði

# Lota 3: Samskipti

**Orðaforðalisti:** Form og mynstur

**Lubbi:** Ee

**Lotulykill:** Umburðarlyndi

**Lotumynd**: Fjölskyldumynd

**Orðatiltæki:** Að eiga ráð undir rifi hverju

**Þula**: Stígur hún/hann við stokkinn

**Söngvar:** Strætisvagninn

**Kennslutilhögun:**

**-Setja orð á athafnir:** Nú göngum við eftir beinni línu, sikk sakk, afturábak, förum saman í hring.

**-Skemmtifundir:** Syngja lög, fara með þulu, orðaforðalisti. Hvernig sýnum við öðrum umburðarlyndi?

**-Við matarborðið:** Skoða form borðbúnaðar, er matarborðið kringlótt eða ferkantað?

**-Í hópatímum:** Fara í vettvangsferðir og skoða form og mynstur í umhverfinu. Umferðarskilti. Skoða útifatnaðinn og athuga hvort hann sé einlitur, mynstraður, röndóttur. Teikna form sjálf og lita þau. Taka myndir af formum inni í skólanum og prenta út. Hvað er uppáhaldsformið mitt/þitt? Ræða um að allir hafi sínar skoðanir og bera virðingu fyrir þeim.

**Orðaforðalisti**: Form og mynstur

**Yngri kjarnar**

Hringur, þríhyrningur, stjarna, kross, hjarta, strik, röndóttur, köflóttur, doppóttur

**Mið kjarnar**

Hringur, þríhyrningur, stjarna, kross, hjarta, strik, röndóttur, köflóttur, doppóttur, ferhyrningur, teningur, rósóttur, miðja, hlið, ferningur, spaði, tígull, lauf

**Eldri kjarnar**

Hringur, þríhyrningur, stjarna, kross, hjarta, strik, röndóttur, köflóttur, doppóttur, ferhyrningur, teningur, rósóttur, miðja, hlið, ferningur, spaði, tígull, lauf, horn, kantur, brún, kringlóttur, rétthyrningur, sexhyrningur, sporöskjulaga, keila

# Lota 3: Samskipti

**Orðaforðalisti:** Stærðir

**Lubbi:** Uu

**Lotulykill:** Hjálpsemi

**Lotumynd**: Fjölskyldumynd

**Orðatiltæki:** Margur er knár þótt hann sé smár

**Þula**: Komdu litla lipurtá

**Söngvar:** Ausulagið

**Kennslutilhögun:**

**-Setja orð á athafnir:** Ég æta að taka þennan litla penna og setja ofan í stóra boxið. Þessi penni er minni en boxið og styttri en kústskaftið.

**-Skemmtifundir:** Ræða um hjálpsemi. Hvernig getum við hjálpað öðrum og hvernig lætur það okkur líða þegar við gerum það? Hvernig líður hinum sem við hjálpum? Hafa hlut í ýmsum stærðum og skoða hverjir eru litlir/stórir, þykkir/þunnir. Stærri en/minni en.

**-Við matarborðið:** Viltu fá mikið af mat eða lítið? Hjálpa við að rétta öðrum það sem þeim vantar. Er súpan þykk eða þunn?

**-Í hópatímum:** Raða börnunum upp við vegg og mæla hæðina og skoða hver er stærstur/minnstur. Svo næsthæstur/næstminnstur. Leggjast á maskínupappír og teikna eftir líkamanum og skoða t.d. hvort kennarinn sé með stærri útlínur eða minni. Hjálpast að. Fara út og skoða byggingar, mismunandi stórar.

**Orðaforðalisti**: Stærðir

**Yngri kjarnar**

Stór, lítill, stærstur, minnstur, stutt, löng

**Mið kjarnar**

Stór, lítill, stærstur, minnstur, stutt, löng, minnka, stækka, stærra en, minna en, heill, hálfur, hæstur, lægstur, þykkt, þunnt

**Eldri kjarnar**

Stór, lítill, stærstur, minnstur, stutt, löng, minnka, stækka, stærra en, minna en, heill, hálfur, hæstur, lægstur, þykkt, þunnt, næstlægstur, næsthæstur, næststærstur, næstminnstur, miðstærð, helmingi minni, helmingi stærri, þykkari, þynnri, plús, mínus, jafnt og, munað litlu, sama sem

*3.vika*

*Stærðfræði*

# Lota 3: Samskipti

**Orðaforðalisti:** Fjöldi

**Lubbi:** Ll

**Lotulykill:** Víðsýni

**Lotumynd**: Fjölskyldumynd

**Orðatiltæki:** Að brjóta heilann um eitthvað

**Þula**: Einn og tveir, inn komu þeir

**Söngvar:** Einn lítill, tveir litlir fingur, Ein stutt ein löng Stóra brúin

**Kennslutilhögun:**

**-Setja orð á athafnir:** „Ég ætla að telja börnin í hópnum/kjarnanum þegar þau koma í röð…eitt, tvö. Það eru jafnmargir í þessum hóp. Það eru fleiri í þessum en færri í þessum“.

**-Skemmtifundir:** Ná í hluti og telja þá saman. Skoða fjölda. Ræða um fjölskyldur hvers annars, hvað eru margir í hverri fjölskyldur. Telja gæludýrin með. Fjölskyldur eru misjafnar og það er frábært.

**-Við matarborðið:** Telja saman diska og glös. Umræður um matartíma á heimilim. Boðið þið saman við borð eða við sjónvarp? Sitjið þið á stólum eða einhverju öðru? Undir borði, uppá borði? Notið þið hnífapör, prjóna eða hendurnar?

**-Í hópatímum:** Fara út og telja bíla á bílastæði. Gera saman verkefni með fjölda…finna efnivið, t.d. liti eða annað smádót og telja það í flokka. Fjórir hlutir á þessum stað, tveir á öðrum, fimmtán á hinum. Skoða hvaða fjöldi er með færri/fleiri hluti. Hvaða hrúga er stærri/minni? Æfa hópinn í að telja.

**Orðaforðalisti:** Fjöldi

**Yngri kjarnar**

Einn, tveir, þrír, allt, allir, enginn, mikið

**Mið kjarnar**

Einn, tveir, þrír, allt, allir, enginn, mikið, margir, lítið, fjórir, fimm, sex, sjö, átta, níu, tíu, nokkrir, nokkrar, fáar, fáir, flestir, flestar, mest, jafn margar, jafn margir, fæstir, fæstar

**Eldri kjarnar**

Einn, tveir, þrír, allt, allir, enginn, mikið, margir, lítið, fjórir, fimm, sex, sjö, átta, níu, tíu, nokkrir, nokkrar, fáar, fáir, flestir, flestar, mest, jafn margar, jafn margir, fæstir, fæstar, næstmest, minnst, næstminnst, helmingur, fleiri en, færri en, fyrsti, annar, þriðji og upp í tíunda, töluhugtökin 1-20, 10, 20, 30...100, 200, 300...1000

*4.vika* *Stærðfræði*

## Lota 3: Samskipti

**Orðaforðalisti:** Afstaða

**Lubbi:** Gg

**Lotulykill:** Samstaða

**Lotumynd**: Fjölskyldumynd

**Orðatiltæki:** Að horfa um öxl

**Þula**: Klukkurím

**Söngvar:** Upp á fjall, Upp á grænum

**Kennslutilhögun:**

**-Setja orð á athafnir:** Hver er fyrstur og síðastur að klæða sig í fataklefa? Við stöndum saman og aðstoðum hvert annað í fötin. Er úlpan á bakvið skóna eða fyrir ofan?

**-Skemmtifundir:** Syngja lög, fara með þulu, orðaforðalisti. Ræða um samstöðu. Getum við sýnt samstöðu ein eða í hóp? Hvernig sýnum við samstöðu í verki? Syngja kröftug lög saman.

**-Við matarborðið:** Kennari segir sögu þar sem afstöðuhugtök eru í fyrirrúmi. T.d. geiturnar þrjár. Er diskurinn fyrir framan eða aftan barnið? Nálægt eða langt frá? Sitjum við hlið við hlið?

**-Í hópatímum:** Skoða fréttir þar sem samstaða var sýnd og hvernig hún hefur áhrif. Æfa að fara í allskonar raðir. Skiptast á að vera aftastur, fremstur, raða röðinni eftir hæð. Hver er fyrir aftan? Framan? Í miðjunni? Förum undir borð, uppá borð, bak við hurð. Líma á gólfið (málningarteip) þar sem lína er bein, á ská, margar línur í röð, hver er í miðjunni? Til hægri? Vinstri?

**Orðaforðalisti**: Afstaða

**Yngri kjarnar**
Inn í, ofan á, ofan í, undir, í röð, fyrstur, síðastur, uppi, niðri, til, frá, minni, stærri

**Mið kjarnar**
Inn í, ofan á, ofan í, undir, í röð, fyrstur, síðastur, uppi, niðri, til, frá, fyrir framan, fyrir aftan, fyrir ofan, við hliðina á, í miðjunni, fyrir ofan, fyrir neðan, fremstur, aftastur, yfir, minni, stærri, á móti, bak við, efst, neðst

**Eldri kjarnar**
Inn í, ofan á, ofan í, undir, í röð, fyrstur, síðastur, uppi, niðri, til, frá, fyrir framan, fyrir aftan, fyrir ofan, við hliðina á, í miðjunni, fyrir ofan, fyrir neðan, fremstur, aftastur, yfir, minni, stærri, á móti, bak við, efst, neðst, fyrir innan, fyrir utan, næstefst, næstneðst, nálægt, næst við, langt frá, hlið við hlið, framan við, næstfremstur, næstaftastur, framan á, aftan á, hérna megin, hinum megin, hægri, vinstri, ská, beint, þarna, hérna

*5.vika* *Stærðfræði*

**Lota 3: Samskipti**

**Uppskeruvika**

**Lubbi:** Ff

**Rifja upp söngva, þulur, orðatiltæki og orðaforðaþemun í daglegu starfi, við flest tækifæri.**

**Upprifjun**

**Söngvar:** Strætisvagninn, Ausulagið, Einn lítill tveir litlir fingur, Ein stutt ein löng, Stóra brúin, Upp á fjall, Upp á grænum

**Þulur**: Stígur hún við stokkinn. Komdu litla lipurtá. Einn og tveir, inn komu þeir. Klukkurím

**Orðatiltæki:** Að eiga ráð undir rifi hverju. Margur er knár þótt hann sé smár. Að brjóta heilann um eitthvað. Að horfa um öxl

**Orðaforðaþemu:** Form og mynstur, stærðir, fjöldi, afstaða

# Lota 4: Jákvæðni

**Orðaforðalisti:** Veðurfar

**Lubbi:** Ss

**Lotulykill:** Ákveðni

**Lotumynd**: Gleðimynd

**Orðatiltæki:** Oft er logn á undan stormi

**Þula:** Gekk ég upp á hólinn

**Söngvar:** Í rigningu ég syng, Dropalagið (Drippidídropp), Nú er úti norðanvindur

**Kennslutilhögun:**

**-Setja orð á athafnir:** Ræða um veðrið úti, blautt eins og rigning, kalt eins og klaki

**-Skemmtifundir:** Söngvar, veðurfræðingur, uppáhaldsveður

**-Í hópatímum:** Vettvangsferðir, skoða hvernig veður er úti, finna vindinn í hárinu, bleytuna á fingrum

**-Í forstofunni:** Hvaða fatnað notar maður í rigningu, sól, snjó?

**Orðaforðalisti**: Veðurfar

**Yngri kjarnar**
Gott veður, vont veður, sól, rigning, snjór, snjókoma, rok, vindur, regnbogi

**Mið kjarnar**
Gott veður, vont veður, sól, rigning, snjór, snjókoma, rok, vindur, regnbogi, sólskin, logn, gola, skýjað, úði, hellidemba, slydda, þoka, haglél, él, hríð, fönn, stormur

**Eldri kjarnar**
Gott veður, vont veður, sól, rigning, snjór, snjókoma, rok, vindur, regnbogi, sólskin, logn, gola, skýjað, úði, hellidemba, slydda, þoka, haglél, él, hríð, fönn, stormur, hálfskýjað, heiðskírt, þrumur, eldingar, slabb, skafrenningur, snjóbylur, hundslappadrífa, hvasst, óveður, ófærð, rökkur, dimmt

*2.vika* *Læsi*

## Lota 4: Jákvæðni

**Orðaforðalisti:** Umhverfi - úti

**Lubbi:** Ii-Yy

**Lotulykill:** Hreinskiptni

**Lotumynd**: Gleðimynd

**Orðatiltæki:** Sannleikurinn er sagna bestur

**Þula:** Í loftillum svefnklefa

**Söngvar:** Skýin, Vikivaki, Ekki fýlu, bara hress

**Kennslutilhögun:**

**-Setja orð á athafnir:** Nú ætlum við að renna niður rennibrautina, ganga upp á hólinn, ganga yfir götuna

**-Við matarborðið:** Umræður, hvað vita börnin um nánasta umhverfi leikskólans? Leiksvæði? Bílastæði? hvað er í sandkassanum? Hvernær og hvernig kviknar á ljósastaurum? Hvað er umhverfis leikskólann? Fjara? Byggingar? Bílar?

**-Í hópatímum:** Fara út og skoða nánasta umhverfið, fara í vettvangsferðir og stækka þannig þeirra nær umhverfi. Fara í fjöruna, skoða Narfakotsseylu, Víkingaheima, tjarnirnar, hólinn og fleira.

**-Í vali:** Bjóða upp á ítarefni sem ýtir undir sköpun sem tengist viðfangsefninu, t.d kuðungar, steinar, rusl af lóðinni, sandur og fleira

**Orðaforðalisti**: Umhverfi - Úti

**Yngri kjarnar**

Leikvöllur, rennibraut, vegasalt, sandur, sandkassi, gras, hóll, brekka, mói, blóm, tré, laufblað, gata, gangbraut, stétt, steinar, hús, bílskúr, blokk, búð, fjara, sjór, ljósastaur

**Mið kjarnar**

Leikvöllur, rennibraut, vegasalt, sandur, sandkassi, gras, hóll, brekka, mói, blóm, tré, grein, laufblað, skógur,gata, gangbraut, stétt, steinar, hús, bílskúr, blokk, búð, fjara, sjór, ljósastaur, umferðaskilti, umferðaljós, kofi, parís, garður, girðing, mosi, tún, runni, grjót, kirkjugarður, gangstígur, gangstétt, tröppur, verslun, sjoppa, veitingastaður, apótek, bílastæði, bryggja, brú, hellir, klettar

**Eldri kjarnar**

Leikvöllur, rennibraut, vegasalt, sandur, sandkassi, gras, hóll, brekka, mói, blóm, tré, grein, laufblað, skógur ,gata, gangbraut, stétt, steinar, hús, bílskúr, blokk, búð, fjara, sjór, ljósastaur, umferðaskilti, umferðaljós, kofi, parís, garður, girðing, mosi, tún, runni, grjót, kirkjugarður, gangstígur, gangstétt, tröppur, verslun, sjoppa, veitingastaður, apótek, bílastæði, bryggja, brú, hellir, klettar, viti, þúfa, heiði, á, lækur, jökull, öldur, foss, dalur, fjörður, strönd, rafmagnskassi, einbýlishús, raðhús, fjölbýlishús, parhús, kastali, fótboltavöllur, róluvöllur, rólur, sumarbústaður, fjall, heitur pottur, svalir, tjaldstæði, höll, útsýni

*3.vika*

*Læsi*

**Lota 4: Jákvæðni**

**Orðaforðalisti:** Farartæki

**Lubbi:** Oo

**Lotulykill:** Bjartsýni

**Lotumynd**: Gleðimynd

**Orðatiltæki:** Morgunstund gefur gull í mund

**Þula**: Þulan um Þorrann

**Söngvar:** Um landið bruna bifreiðar, Sigling (hafið bláa hafið), Þorraþræll, Krummavísur, Þorramatur

**Kennslutilhögun:**

**-Skemmtifundir:** Fara yfir umferðarreglur, syngja lög sem tengjast farartækjum, setja upp leikþátt um umferðina, flokka farartæki (í lofti, á landi, á sjó)

**-Við matarborðið:** Umræður um farartæki, hve mörg dekk eru á bílum? Hver er munurinn á þyrlum og flugvélum? Hvað er kafbátur? Loftbelgur?

**-Í hópatímum:** Nefna þau ökutæki sem fara framhjá, litir á farartækjum, telja bíla

**Orðaforðalisti**: Farartæki

**Yngri kjarnar**
Bíll, vörubíll, slökkviliðsbíll, sjúkrabíll, lögreglubíll, grafa, strætó, lest, hjól, þríhjól, snjósleði, bátur, skip, flugvél, jeppi, traktor

**Mið kjarnar**
Bíll, jeppi, vörubíll, slökkviliðsbíll, sjúkrabíll, lögreglubíll, hjólhýsi, traktor, grafa, rúta, strætó, lest, hjól, þríhjól, mótorhjól, snjósleði, bátur, skip, flugvél, strætisvagn, dráttarvél., skíði, skemmtiferðaskip, kajak, árabátur, björgunarbátur, loftbelgur, geimfar, þyrla

**Eldri kjarnar**
Bíll, jeppi, vörubíll, slökkviliðsbíll, sjúkrabíll, lögreglubíll, hjólhýsi, traktor, grafa, rúta, strætó, lest, hjól, þríhjól, mótorhjól, snjósleði, bátur, skip, flugvél, strætisvagn, dráttarvél., skíði, skemmtiferðaskip, kajak, árabátur, björgunarbátur, loftbelgur, geimfar, þyrla, sportbíll, olíubíll, kranabíll, ruslabíll, húsbíll, fjórhjól, skúta, fólksbíll, torfærubíll, kappakstursbíll, sendiferðabíll, járnbrautarlest, fellihýsi, tjaldvagn, kerra, snjóbretti, sjóskíði, ferja

**Lota 4: Jákvæðni**

**Orðaforðalisti:** Iðja

**Lubbi:** Pp

**Lotulykill:** Gleði

**Lotumynd**: Gleðimynd

**Orðatiltæki:** Að leika á alls oddi

**Þula**: Þulan um Þorrann

**Söngvar:** Við klöppum öll í einu, Þrisvar sinnum smell, Það var einu sinni api

**Kennslutilhögun:**

**-Setja orð á athafnir:** Hvað erum við að gera? Standa, liggja, klæða í, renna niður, moka, tala

**-Skemmtifundir:** Fara í leiki og nota orðin, segja hvað er að gerast í smáatriðum, syngja og leika lögin

**-Við matarborðið:** Ræða um fleiri orð sem merkja það sama, samheiti. T.d borða, snæða, éta

**-Í hópatímum:** Fjölbreytt iðja, nota orðin í orðaforðalistanum til að stækka orðaforðann og auka fjölbreytni

**Orðaforðalisti**: Iðja

**Yngri kjarnar**

Gráta, hlæja, brosa, borða, drekka, sofa, vakna, sitja, standa, liggja, skríða, ganga, hoppa, hlaupa, detta, rúlla, halda, pissa, kúka, prumpa, leika, syngja, lesa, teikna, klippa, byggja, mála, púsla, leira, lita, föndra, líma, moka, hjálpa, laga, gera við, koma, fara, bíða, hlusta, tala, horfa, muna

**Mið kjarnar**

Gráta, hlæja, brosa, borða, drekka, sofa, vakna, sitja, standa, liggja, skríða, ganga, hoppa, hlaupa, detta, rúlla, halda, pissa, kúka, prumpa, leika, syngja, lesa, teikna, klippa, byggja, mála, púsla, leira, lita, föndra, líma, moka, hjálpa, laga, gera við, koma, fara, bíða, hlusta, tala, horfa, muna, draga, ýta, kasta, grípa, hvísla, spyrja, svara, skoða, raða, þakka fyrir, klæða sig í, klæða sig úr, renna niður, renna upp, renna sér, ganga frá, þvo sér, þurrka sér, sturta niður, fylgjast með

**Eldri kjarnar**

Gráta, hlæja, brosa, borða, drekka, sofa, vakna, sitja, standa, liggja, skríða, ganga, hoppa, hlaupa, detta, rúlla, halda, pissa, kúka, prumpa, leika, syngja, lesa, teikna, klippa, byggja, mála, púsla, leira, lita, föndra, líma, moka, hjálpa, laga, gera við, koma, fara, bíða, hlusta, tala, horfa, muna, draga, ýta, kasta, grípa, hvísla, spyrja, svara, skoða, raða, þakka fyrir, klæða sig í, klæða sig úr, renna niður, renna upp, renna sér, ganga frá, þvo sér, þurrka sér, sturta niður, fylgjast með, heilsa, kveðja, hrósa, gleðja, uppgötva, vilja, vita, aðstoða, útskýra, breyta, deila, reyna, hugsa, dreyma, skoppa, grafa, stafla, bera, spyrna, klifra, leita, lyfta, smíða, toga, benda, snerta, stökkva, læra, valhoppa, gróðursetja, fá leyfi

*5.vika*

*Læsi*

## Lota 4: Jákvæðni

**Uppskeruvika**

**Lubbi:** Tt

**Rifja upp söngva, þulur, orðatiltæki og orðaforðaþemun í daglegu starfi, við flest tækifæri.**

**Upprifjun**

**Söngvar:** Nú er úti norðanvindur, Í rigningu ég syng, Dropalagið (Drippidídropp), Skýin, Vikivaki, Ekki fýlu, bara hress, Um landið bruna bifreiðar, Sigling (hafið bláa hafið), Þorraþræll, Krummavísur Þorramatur, Við klöppum öll í einu, Þrisvar sinnum smell, Það var einu sinni api

**Þulur**: Gekk ég upp á hólinn. Í loftillum svefnklefa. Þulan um Þorrann.

**Orðatiltæki:** Oft er logn á undan stormi, Sannleikurinn er sagna bestur, Morgunstund gefur gull í mund, Að leika á alls oddi

**Orðaforðaþemu:** veðurfar, umhverfi – úti, farartæki, iðja

*1.vika* *Læsi*

## Lota 5: Vinátta

**Orðaforðalisti:** Tilfinningar

**Lubbi:** Kk

**Lotulykill:** Félagsskapur

**Lotumynd**: Vinamynd

**Orðatiltæki:** Vera tryggur eins og tröll

**Þula:** Krummi gamli

**Söngvar:** Nammilagið, Tilfinningablús

**Kennslutilhögun:**

**-Setja orð á athafnir:** Nota vinahendur, frábært hvað þú ert góður vinur/vinkona að aðstoða

**-Skemmtifundir:** Syngja Tilfinningablús, Gaman saman-umræður, bækur um tilfinningar, nota hróskortin

**-Í hópatímum:** Mikilvægt að fara í vinahópatíma-félagsskapur, lesa skrímslabækurnar, lesa Tilfinninga Tómas

**-Við matarborðið:** Hvernig líður okkur í dag? Nefna tilfinningar

**Orðaforðalisti:** Tilfinningar

Yngri kjarnar
Glöð/glaður, leið-ur, reið-ur, spennt-ur, hrædd-ur, kát-ur, hissa, ánægð-ur, yndisleg-ur, sorgmædd-ur, svöng/svangur, södd/saddur, þyrst-ur

Mið kjarnar
Glöð/glaður, leið-ur, reið-ur, spennt-ur, hrædd-ur, kát-ur, hissa, ánægð-ur, yndisleg-ur, sorgmædd-ur, svöng/svangur, södd/saddur, þyrst-ur, traust, von, virðing, kærleikur, hamingjusöm/samur, hugrökk/hugrakkur, jákvæð/jákvæður, neikvæð/neikvæður,

**Eldri kjarnar**
Glöð/glaður, leið-ur, reið-ur, spennt-ur, hrædd-ur, kát-ur, hissa, ánægð-ur, yndisleg-ur, sorgmædd-ur, svöng/svangur, södd/saddur, þyrst-ur, traust, von, virðing, kærleikur, hamingjusöm/samur, hugrökk/hugrakkur, jákvæð/jákvæður, neikvæð/neikvæður, ást, elska, kvíðin/n, döpur/dapur, þolinmóð-ur, einmana, umhyggja, sár, fegin/n, sakna, langa, hlakka til, söknuður, stolt

*2.vika* *Læsi*

# Lota 5: Vinátta

**Orðaforðalisti:** Lýsing

**Lubbi:** Öö

**Lotulykill:** Umhyggja

**Lotumynd**: Vinamynd

**Orðatiltæki:** Sá er vinur sem í raun reynist

**Þula:** Þumalfingur er mamma

**Söngvar:** Vinalagið, Við erum vinir

**Kennslutilhögun:**

**-Setja orð á athafnir:** Nú ætlum við að renna niður rennibrautina, ganga upp á hólinn, ganga yfir götuna

**-Við matarborðið:** Umræður, hvað vita börnin um nánasta umhverfi leikskólans? Leiksvæði? Bílastæði? hvað er í sandkassanum? Hvernær og hvernig kviknar á ljósastaurum? Hvað er umhverfis leikskólann? Fjara? Byggingar? Bílar?

**-Í hópatímum:** Fara út og skoða nánasta umhverfið, fara í vettvangsferðir og stækka þannig þeirra nær-umhverfi. Fara í fjöruna, skoða Narfakotsseylu, Víkingaheima, tjarnirnar, hólinn og fleira.

**-Í vali:** Bjóða upp á ítarefni sem ýtir undir sköpun sem tengist viðfangsefninu, t.d kuðungar, steinar, rusl af lóðinni, sandur og fleira.

**Orðaforðalisti**: Lýsing

**Yngri kjarnar**
Fallegur, góð, vond, blaut, kaldur, skítug, brosandi skemmtilegt, fljótur, sterk, dugleg

**Mið kjarnar**
Fallegur, góð, vond, blaut, kaldur, skítug, brosandi skemmtilegt, fljótur, sterk, dugleg, þungur, týnt, breiður, gömul

**Eldri kjarnar**
Fallegur, góð, vond, blaut, kaldur, skítug, brosandi skemmtilegt, fljótur, sterk, dugleg, þungur, týnt, breiður, gömul, blíðleg, dásamleg, kærleiksrík, einmana, ljúffengt, furðulegt, hjálplegur, feimin, friðsæll, snjöll, ókurteis, alvarleg, beittur, kjarkmikil, hættulegt, erfitt, björt, brothætt, frábært

*3.vika* *Læsi*

# Lota 5: Vinátta

**Orðaforðalisti:** Heilsa

**Lubbi:** Áá

**Lotulykill:** Nálægð

**Lotumynd**: Vinamynd

**Orðatiltæki**: Vinnan gerir vænan svefn

**Þula**: Hvað kanntu að vinna, Baggalútur minn?

**Söngvar:** Lítið, lasið skrímsli

**Kennslutilhögun:**

**-Skemmtifundir:** Syngja lagið „ég er lítið lasið skrímsli

**-Við matarborðið:** Ræða um hollustu matar, hvað finnst ykkur gott/vont að borða? Af hverju? Hver er uppáhaldsmaturinn? Í leikskólanum, heima?

**-Í hópatímum:** Nálægðaræfingar-sbr. Bls 81 í Handbók. Nýta slökunarherbergi fyrir nálægðaræfingar. Vinahópatími-Klukkleikur-faðma til að frelsa

**Orðaforðalisti**: Heilsa

**Yngri kjarnar**
Veik, lasin, illt, plástur, hress, tannbursti

**Mið kjarnar**
Veik, óhress, lasin, illt, plástur, hress, tannbursti, tannkrem, hraust-ur, slöpp/slappur, frísk-ur

**Eldri kjarnar**
Veik, óhress, lasin, illt, plástur, hress, tannbursti, tannkrem, hraust-ur, slöpp/slappur, frísk-ur, sjúklingur, beinbrot, gifs, haltur/hölt, heyrnarlaus, fatlaður/fötluð, blind-ur, kröftug-ur, hækja, spelka

*4.vika* *Læsi*

## Lota 5: Vinátta

**Orðaforðalisti:** Samfélag

**Lubbi:** Þþ

**Lotulykill:** Kærleikur

**Lotumynd**: Vinamynd

**Orðatiltæki:** Vinagjöf skal virða og vel hirða

**Þula:** Kalli litli könguló

**Söngvar:** Vinir gegnum þykkt og þunnt

**Kennslutilhögun:**

**-Vettvangsferðir:** Skoða það sem er í okkar samfélagi, t.d. hárgreiðslustofa, grunnskólar, leikskólar, verslanir, stoppstöð og fl.

**-Skemmtifundir:** Ræða um hvaða grunnskólar/leikskólar eru í Innri-Njarðvík. Ræða um okkar hverfi. Söfn í hverfinu-Byggðarsafn, Slökkviliðsafn, Víkingaheimar.

**-Raðir:** Vinir/vinkonur leiðast 2-4 í stað einfaldar raðar

**-Í hópatímum:** Ímyndunarleikir s.s búðarleikur og fl.

**Orðaforðalisti**: Samfélag

**Yngri kjarnar**
Vinir, leikskóli, búð, bókasafn, bakarí, flugvöllur, íþróttahús, sundlaug

**Mið kjarnar**
Vinir, leikskóli, búð, bókasafn, bakarí, flugvöllur, íþróttahús, sundlaug, bær, sveit, skóli, slökkvistöð, lögreglustöð, bensínstöð, Ísland, útlönd, bíó, leikhús, stoppistöð, safn, apótek, heilsugæsla, reglur

**Eldri kjarnar**
Vinir, leikskóli, búð, bókasafn, bakarí, flugvöllur, íþróttahús, sundlaug, bær, sveit, skóli, slökkvistöð, lögreglustöð, bensínstöð, Ísland, útlönd, bíó, leikhús, stoppistöð, safn, apótek, heilsugæsla, reglur, borg, lýðræði, einræði, ákvörðun, fátækt, grunnskóli, framhaldsskóli, háskóli, elliheimili, spítali, bæjarskrifstofur, banki, pósthús, fangelsi, kirkja, sorpeyðingarstöð, höfn, frystihús, kaffihús, matvöruverslun, viti, hótel, nágrenni, verkstæði, bílaþvottastöð, þorp, félagsheimili

*5.vika* *Læsi*

# Lota 5: Jákvæðni

**Uppskeruvika**

**Lubbi:** Pp

**Rifja upp söngva, þulur, orðatiltæki og orðaforðaþemun í daglegu starfi, við flest tækifæri.**

**Upprifjun**

**Söngvar:** Nammilagið. Tilfinningablús. Vinalagið. Við erum vinir. Lítið, lasið skrímsli. Vinir gegnum þykkt og þunnt

**Þulur**: Krummi gamli. Þumalfingur er mamma. Hvað kanntu að vinna, Baggalútur minn? Kalli litli könguló

**Orðatiltæki:** Vera tryggur eins og tröll. Sá er vinur sem í raun reynist. Vinnan gerir vænan svefn. Vinagjöf skal virða og vel hirða.

**Orðaforðaþemu:** Tilfinningar, lýsing, heilsa, samfélag

*1.vika*

*Stærðfræði*

## Lota 6: Áræðni

**Orðaforðalisti:** Hreyfing

**Lubbi:** Ðð

**Lotulykill:** Kjarkur

**Lotumynd**: Sjálfsmynd

**Orðatiltæki:** Að hrökkva eða stökkva

**Þula:** Hani, krummi, hundur, svín

**Söngvar:** Við erum söngvasveinar. Tvö skref til hægri. Lína Langsokkur

**Kennslutilhögun:**

**-Setja orð á athafnir:** Fataklefi: Klæða sig hratt/hægt, setja fatnað upp á hillu, bakvið, til hliðar

**-Skemmtifundir:** Leikir, t.d að setja form undir teppi eða í poka, fjarlægja einn hlut og láta börnin giska

**-Við matarborðið:** Spjalla um matarumhverfið, t.d. formin á borðbúnaði, telja diska og glös

**-Í hópatímum:** Að spjalla um umhverfið, hvað vita börnin um umhverfið í kringum sig, t.d. hvernig er leiksvæðið, hvernig eru formin í kringum okkur? Eru dekkin á bílunum ferköntuð? Er sólin eins og þríhyrningur? Vettvangsferðir og þrautabrautir þar sem stærðfræði og hreyfingu er blandað saman

**Orðaforðalisti**: Hreyfing

**Yngri kjarnar**
Hægt, hratt, upp, niður, undir, upp á, í gegnum

**Mið kjarnar**
Hægt, hratt, upp, niður, undir, upp á, í gegnum, í kringum, á bak við, áfram, aftur á bak, hægara, hraðara

**Eldri kjarnar**
Hægt, hratt, upp, niður, undir, upp á, í gegnum, í kringum, á bak við, áfram, aftur á bak, hægara, hraðara, fljótt, til hliðar, í burtu, nálgast, snöggur, hægfara, glanni, skokka, fjarlægjast, brokka

*2.vika* *Stærðfræði*

# Lota 6: Áræðni

**Orðaforðalisti:** Tími

**Lubbi:** Mjúka Gg

**Lotulykill:** Kraftur

**Lotumynd**: Sjálfsmynd

**Orðatiltæki:** Látum hendur standa fram úr ermum

**Þula:** Stebbi stóð á ströndum

**Söngvar:** Lagið um vikudagana, Vertu til

**Kennslutilhögun:**

**-Setja orð á athafnir:** Núna ætlum við að....á eftir ætlum við að...Kennarar nýta sér að segja nákvæmlega hvað er verið að fara að gera yfir daginn. Útskýra vel og jafnvel sýna myndrænt

**-Skemmtifundir:** Æfa og syngja um vikudagana og mánuðina. Umræður um hvaða dagur er í dag, hvaða dagur er á morgun, hvaða mánuður er, hvað eru margir mánuðir í einu ári, klappa atkvæði

**-Við matarborðið:** Umræður: Hvað vita börnin um sitt nánasta umhverfi, hvar er næsti róluvöllur, búð, vinaleikskóli, heimili barnanna? Hvað er kjarkur? Hvað er kraftur? (lotulykillinn)

**-Í hópatímum:** Stækka nærumhverfið og fara í lengri ferðir, fjaran, móinn, strætó. Spjalla um hvernig veðrið er núna og hvernig við höldum að það verði á morgun...jafnvel hvernig veðrið er á veturna og sumrin. Fara í kraftgöngu, spretta af krafti upp á hól, niður brekku

**Orðaforðalisti:** Tími

**Yngri kjarnar**
Núna, seinna, bráðum, á eftir, á morgun, í gær, í dag, kvöld, dagur, nótt, sumar, vetur, vor, haust, jól, páskar, frí

**Mið kjarnar**
Núna, seinna, bráðum, á eftir, á morgun, í gær, í dag, kvöld, dagur, nótt, sumar, vetur, vor, haust, jól, páskar, frí, mánudagur, þriðjudagur, miðvikudagur, fimmtudagur, föstudagur, laugardagur, sunnudagur, janúar, febrúar, mars, apríl, maí, júní, júlí, ágúst, september, október, nóvember, desember, áður, áðan, hádegi

**Eldri kjarnar**
Núna, seinna, bráðum, á eftir, á morgun, í gær, í dag, kvöld, dagur, nótt, sumar, vetur, vor, haust, jól, páskar, frí, mánudagur, þriðjudagur, miðvikudagur, fimmtudagur, föstudagur, laugardagur, sunnudagur, janúar, febrúar, mars, apríl, maí, júní, júlí, ágúst, september, október, nóvember, desember, áður, áðan, hádegi, fyrir hádegi, eftir hádegi, í fyrramálið, í fyrradag, í morgun, á morgun, í gærkvöldi, ekki á morgun heldur hinn, í næstu viku, helgi, í fyrsta skipti, í síðasta skipti, vika, ár, mánuður, árstíðir, gamlárskvöld, fímínútur, hálftími, klukkutími, korter

3.vika

Stærðfræði

# Lota 6: Áræðni

**Orðaforðalisti:** Spurningar

**Lubbi:** Ææ

**Lotulykill:** Virkni

**Lotumynd**: Sjálfsmynd

**Orðatiltæki:** Taka skal viljann fyrir verkið

**Þula:** Sá ég spóa

**Söngvar:** Risatröll

**Kennslutilhögun:**

**-Setja orð á athafnir:** Nýta opnar spurningar í öllu sem við gerum. T.d. hvers vegna klæðum við okkur í pollagalla og stígvél þegar það kemur rigning? Hvernig reimum við skó? Hvernær er matartími?

**-Skemmtifundir:** Fara í leiki, t.d hver er undir teppinu og í grænni lautu.

**-Við matarborðið:** Spyrja spurninga. Hvað er það úr náttúrunni sem við erum að borða? Fiskur úr sjónum, grænmeti úr jörðinni og svo framvegis. Hvernig komst fiskurinn úr sjónum og á diskinn okkar?

**-Í hópatímum:** Rækta eitthvað inni á kjarna. T.d setja paprikufræ í mold og fylgjast með vextinum. Fara út fyrir lóðina og tína blóm/jurtir og fara með inn og rannsaka. Finna upplýsingar um blómið í tölvu/bók og spyrja spurninga. Jafnvel skoða í smásjá/stækkunargleri. Þarna geta skapast mjög margar spurningar og skemmtilegar umræður

**Orðaforðalisti**: Spurningar

**Yngri kjarnar**
Hvað, hvar, hver

**Mið kjarnar**
Hvað, hvar, hver, hvernig, af hverju, hvers vegna, hvernær, af því að

**Eldri kjarnar**
Hvað, hvar, hver, hvernig, af hverju, hvers vegna, hvernær, af því að, hvor, hvort, hvaðan, hvert, hvaða, hvers konar, hversu, hvað ef

**4.vika** **Stærðfræði**

# Lota 6: Áræðni

**Orðaforðalisti:** Afstaða

**Lubbi:** Ei-ei, Ey-ey

**Orðatiltæki:** Að taka af skarið
**Þula:** Sólin skín og skellihlær
**Söngvar:** Stafrófið

**Lotulykill:** Frumkvæði

**Lotumynd:** Sjálfsmynd

**Kennslutilhögun:**

**-Setja orð á athafnir:** Hvernig er röðin okkar? Er einhver fyrstur/síðastur? Nú mátt þú fara fyrir framan/aftan, komdu á móti/bak við

**-Skemmtifundir:** Gátur, söngvar, vísur. Finna orð/hugtök úr orðaforðalistanum til að ræða um og fræðast um. Samsett orð hross/gaukur. Ljós/staur. Taka orð í sundur, setja saman. Klappa atkvæði

**-Við matarborðið:** Æfa orðin úr orðaforðalistanum. T.d viltu rétta mér diskinn sem er vinstra megin við þig, glasið sem er fyrir framan vin þinn og svo framvegis

**-Í hópatímum:** Fara út og finna mismundandi stóra steina, greinar, laufblöð. Finna minni/stærri, lengri,styttri, færri/fleiri og svo framvegis. Nýta orðaforðalistann með allskonar efnivið eins og kubba, púða og Numicon. Kasta tening og telja. Endalausir möguleikar

**Orðaforðalisti:** Afstaða

**Yngri kjarnar**
Inn í, ofan á, ofan í, undir, í röð, fyrstur, síðastur, uppi, niðri, til, frá

**Mið kjarnar**
Inn í, ofan á, ofan í, undir, í röð, fyrstur, síðastur, uppi, niðri, til, frá, fyrir framan, fyrir aftan, fyrir ofan, við hliðina á, í miðjunni, fyrir ofan, fyrir neðan, fremstur, aftastur, yfir, minni, stærri, á móti, bak við, efst, neðst

**Eldri kjarnar**
Inn í, ofan á, ofan í, undir, í röð, fyrstur, síðastur, uppi, niðri, til, frá, fyrir framan, fyrir aftan, fyrir ofan, við hliðina á, í miðjunni, fyrir ofan, fyrir neðan, fremstur, aftastur, yfir, minni, stærri, á móti, bak við, efst, neðst, fyrir innan, fyrir utan, næstefst, næstneðst, nálægt, næst við, langt frá, hlið við hlið, framan við, næstfremstur, næstaftastur, framan á, aftan á, hérna megin, hinum megin, hægri, vinstri, ská, beint, þarna, hérna

# Lota 6: Áræðni

**Uppskeruvika**

**Lubbi:** Hj

Haldið áfram með Lubba næstu vikur.

Hl, hr, hn, Ó-ó, au

**Rifja upp söngva, þulur, orðatiltæki og orðaforðaþemun í daglegu starfi, við flest tækifæri.**

**Upprifjun**

**Söngvar:** Við erum söngvasveinar. Tvö skref til hægri. Lína Langsokkur. Lagið um vikudagana og Vertu til. Risatröll. Stafrófið

**Þulur**: Hani, krummi, hundur, svín. Stebbi stóð á ströndum. Sá ég spóa. Sólin skín og skellihlær

**Orðatiltæki:** Að hrökkva eða stökkva. Látum hendur standa fram úr ermum. Taka skal viljann fyrir verkið. Að taka af skarið

**Orðaforðaþemu:** Hreyfing. Tími. Spurningar. Afstaða